

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 15 17. febrúar 1959, um breyting á reglugerð nr. 180 16. september 1952, um Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar.

1. gr.

2. tl. 1. gr. reglugerðarinnar falli niður og breytist greinin samkvæmt því.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 2. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. marz 1962.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

**AUGLÝSING**

um flokkun á kartöflum.

Tilraunaráð jarðræktar hefur samkvæmt ákvæðum 14. gr. reglugerðar nr. 96 16. júlí 1956, um Grænmetisverzlun landbúnaðarins og mat og flokkun á garðávöxtum, ákveðið að kartöflum skuli skipað í flokka, sem hér segir:

**Úrvalsflokkur:**

Gullauga.  
Rauðar, íslenzkar.  
Möndlukartöflur.

**1. flokkur:**

Rya.  
Bintje.  
Eigenheimer.  
Alpha.  
Dir. Johannson.  
Ackersegen (Akurblessun).  
Duke of York.  
Gular, íslenzkar.  
King Edward.  
Júli.  
Pontiac.  
Furore.

Eftirgreindar kartöflur, snemmvaxnar tegundir, eru flokkaðar í I. flokk fram til 20. september, en sem II. flokks kartöflur eftir þann tíma.

Skaan.  
Saga.  
Eva.

Ráðuneytið hefur staðfest þessa ákvörðun, sem kemur til framkvæmda frá og með næsta uppskeruári, þar til annað verður ákveðið.

*Landbúnaðarráðuneytið, 23. marz 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

### um niðurfærslu aðflutningsgjalda o. fl.

Með heimild í athugasemdarákvæðum við nr. 11 í 39A kafla tollskrár, sbr. 10. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, hefur ráðuneytið ákveðið, að innflutningsgjald skuli falla niður af plötum, þynnum, rörum og stöngum í nr. 4, 5 og 6 í 39A kafla og að vörur þessar skuli eftirleiðis við tollskoðun og tollútreikning flokkast eins og hér segir:

Tollskrá:  
Kafli Nr.  
39A

		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
	— plötur og þynnur, ót. a.			
4	— — einlitar og ómunstraðar:			
a	— — — sléttar eða báraðar, gagnsæjar eða hálf gagnsæjar, til notkunar í staðglers, klæðningar á hús o. þ. h. ....	1 kg	7	8
b	— — — annars .....	—	7	8
5	— — aðrar .....	—	7	15
6	— rör og stengur:			
b	— — vatnsleiðslupípur .....	—	7	10
c	— — þéttlistar til lokunar á þensluraufar ..	—	7	10
d	— — annars .....	—	7	15

Þá hefur ráðuneytið einnig með heimild í athugasemdarákvæðunum við nr. 11 í 39A kafla tollskrár, sbr. 10. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, og 18. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, fært niður aðflutningsgjöld af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af þeim verði eins og að neðan greinir og þær flokkast eins og þar greinir:

Kafli	Nr.	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
39A	11m	1 kg	7	8
	11n	—	2	2
	11o	—	7	15
	11p	—	7	30
	11q	—	2	
	11r	—	2	
—	11s	—	7	8